

# „Grýta þetta pakk“: Haturstjáning í íslensku samhengi

Eyrún Eypórsdóttir, lektor, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri  
Kristín Loftsdóttir, prófessor í mannfræði, Háskóli Íslands

## Útdráttur

Hatursorðræða er talin vaxandi vandi í hinum vestræna heimi í dag. Oft hefur verið vísað til tjáningar Donalds Trumps og stjórnmalamanna sem tengjast Brexit sem samþykktar á tjáningu haturs og, samhliða því, sköpunar jarðvegs til áframhaldandi haturstjáningar. Einnig deila ákveðnir fjölmiðlar hatursfullum boðskap gegn minnihlutahópum. Innan þessa jarðvegs haturs spretta upp ýmis konar hatursamtök sem beita sér gegn minnihlutahópum, bæði í orði og með ofbeldi. Þessi grein skoðar heimasíður þar sem fram kemur neikvæð umfjöllun gegn minnihlutahópum á Íslandi. Fjallað er um heimasíður stjórnmalaflokka, fjölmiðla og hatursamtaka með það að markmiði að greina framsetningu þeirra á minnihlutahópum hérlendis. Til viðbótar eru tekin nokkur dæmi um neikvæð viðhorf til minnihlutahópa sem sjá má í umræðu stjórnmalamanna. Niðurstöðurnar endurspeglar það að neikvæð tjáning í garð ólíkra minnihlutahópa er nokkuð almenn, en jafnframt má greina fjölgun á rýmum þar sem einstaklingum virðist finnast þeir geta tjáð mjög neikvæð viðhorf. Þá ber mest á neikvæðri tjáningu í garð múslíma.

**Efnisorð:** Hatursglæpir; hatursorðræða; Ísland.

## “Let’s stone this trash”: Hate speech in Icelandic context

### Abstract

Growing hate speech in the global north has been seen as one characteristic of the present. The anti-migration rhetoric of Donald Trump and in relation



Icelandic Review of Politics and Administration Vol. 15, Issue 2 (255-276)

© 2019 Contact: Eyrún Eypórsdóttir, eyruney@unak.is

Article first published online Desember 17th 2019 on <http://www.stjornmalogstjornsysla.is>

Publisher: Institute of Public Administration and Politics, Gimli, Sæmundargötu 1, 101 Reykjavík, Iceland

Stjórnmal & stjórnsýsla 2. tbl. 15. árg. 2019 (255-276) Fræðigreinar

© 2019 Tengiliðir: Eyrún Eypórsdóttir, eyruney@unak.is

Vefbirting 17. desember 2019 - Birtist á vefnum <http://www.stjornmalogstjornsysla.is>

Útgefandi: Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála, Gimli, Sæmundargötu 1, 101 Reykjavík

DOI: <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2019.15.2.6>

This work is licensed under a Creative Commons Attribution 3.0 License.

to Brexit are by many seen as mainstreaming and accepting hate and, hence, creating fruitful soil to further dissemination of hate speech. Also, some media outlets strongly focus on producing and disseminating anti-migration rhetoric and hate speech. Within such an environment hate groups can grow both discursively and by executing physical violence against minority groups. This article focuses on hate speech in Iceland. It looks at homepages that disseminate hate or negative discourse against minority groups. Examples are taken of pages from political parties, information sites and groups with an open anti-migration agenda in order to analyse in which ways hate is expressed. Our findings suggest that negative discourses toward various minority groups are quite common and growing in Iceland. The majority of the negative speech is directed towards Muslims.

**Keywords:** Hate crimes; hate speech; Iceland.

## Inngangur

Í mars árið 2019 fóru fram mótmæli á Austurvelli, eins og oft áður eftir búsáhalda-byldinguna svokölluðu í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008. Það sem aðgreindi þessi mótmæli frá öðrum var bylgja neikvæðra athugasemda gegn mómælendum sjálfum, en þeir voru umsækjendur um alþjóðlega vernd, eða hælisleitendur eins og þeir kallast oftast í daglegu tali. Þeir voru að vekja athygli á slæmum aðbúnaði á meðan bið eftir úrskurði ætti sér stað en í framhaldinu var þeim m.a. óskað dauða og þeir kallaðir „viðbjóður“ og pakk sem þyrfti að „grýta.“ Fréttablaðið Stundin talaði um að sjá mætti „bylgju haturstjáningar gegn hælisleitendum“. Athugasemdir sem beindust að hælisleitendum voru ekki eingöngu settar fram af almenningi heldur einnig af valdafólki samfélagsins, fyrrverandi ráðherrum og núverandi þingmönnum (Alma Mjöll Ólafsdóttir 2019a). Hatursglæpir og -tjáning hafa á undanförunum árum fengið aukna athygli, þá sérstaklega vegna aukinna vinsælda svokallaðra popúlista-hreyfinga víða í Evrópu, og kosningar Donalds Trumps og Breta um Brexit árið 2016. Umræður í byrjun 21. aldar einkenndust af yfirlýsingum um að rasisma væri lokið (e. post-racism), þar sem kynþáttafordómar fortíðar áttu að vera úr sögunni, á meðan annar áratugur aldarinnar fól í sér vaxandi áhyggjur af hatursglæpum og tjáningu (Fekete 2018).

Þessi grein beinir sjónum að haturstjáningu í íslensku samhengi. Haturstjáning er orðræða sem er almennt beint gegn einhverju, til dæmis trúarbrögðum, kynhneigð eða uppruna, og rétt eins og kynþáttafordómar fyrri tíma snýr hún þannig ekki að því *hver* viðkomandi er heldur *hvað* hann er. Haturstjáning er jafnframt oft hluti af neikvæðum viðbrögðum ákveðinna einstaklinga gagnvart mannréttindabaráttu minnihlutahópa (Perry 2001, 2003; Turpin-Petrosino 2015), sem og hvað varðar almenn réttindi þeirra sem skera sig sýnilega úr meirihluta samfélagsins, t.d. með húðlit, trúarbrögðum eða þjóðernislegum uppruna (sjá Wigefelt, Wigefelt & Kiiskinen 2014). Markmið greinarinnar er að kortleggja umfang haturstjáningar í íslensku samhengi, meðal annars að skoða með hvaða hætti stjórnmálaleg umræða og fjölmiðlar skapa jarðveg fyrir haturstjáningu í garð minnihlutahópa hérlendis. Í umræðu okkar skoðum við jafnframt hættumerki haturs-

tjáningar á Íslandi, meðal annars tilvist haturssamtaka, og undirstrikum hvernig slík umræða dregur mið af og speglar sig í alþjóðlegri umræðu (Schweppe & Walters 2016).

Hatursglæpir, sér í lagi haturstjáning, hafa lítið verið rannsakaðir í íslensku samfélagi. Fyrirliggjandi rannsóknir snúa að mestu að almennum fordómum í garð minnihlutahópa (Eiríkur Bergmann 2015, 2017; Kristín Loftsdóttir 2015, 2017; Wojtynska & Zielinska 2010). Jafnframt má sjá rannsóknir á sértækum þáttum fordóma, svo sem misrétti í tengslum við vinnumarkað (Kristín Loftsdóttir & Unnur Dís Skaptadóttir 2019; Þóra Christiansen & Erla Kristjánsdóttir 2016) og birtingarmyndum íslamsfælni á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum (Bjarni Randver Sigurvinsson 2017; Kristján Þór Kristjánsson 2014; Kristín Loftsdóttir 2011), sem og varðandi fordóma og haturstjáningu í athugasemdakerfum fjölmiðla (Bjarney Friðriksdóttir 2014; Kristín Loftsdóttir 2013). Skýrslur ECRI, Evrópunefndar gegn kynþáttamisrétti og umburðarleysi, hafa lengi vel bent á vaxandi andúð og haturstjáningu hérlendis (2007, 2012, 2017). Þar hefur verið bent á mikilvægi þess að skoða haturstjáningu á Íslandi betur og þá sérstaklega í ljósi vaxandi áhyggja um mikla aukningu hatursglæpa um víða veröld (sjá FBI 2016, 2017; Home office 2018; Politiet 2019).

Við byrjum umræðuna á því að skoða kenningarlega þætti haturstjáningar og eiginleika hennar í garð minnihlutahópa, þá eins og hún birtist gegn innflytjendum, múslímum og fólki sem leitar alþjóðlegrar verndar, auk þess sem við fjöllum lítillga um lagalegan ramma tjáningar. Þá verður fjallað um öflun og greiningu gagna sem greinin byggir á. Við beinum í kjölfarið sjónum að íslensku samfélagi og umræðunni þar. Gerð er grein fyrir því hvernig orðræða fjölmiðla og stjórnmálamanna skapar ákveðið rými fyrir fordómafulla umræðu í garð ákveðinna hópa. Að lokum er rætt stuttlega um hópa sem halda úti mjög virkri hatursorðræðu.

## 1. Haturstjáning

Í skilgreiningum á haturstjáningu hafa fræðimenn undirstrikað að rétt eins og í rannsóknum á annarri orðræðu skiptir félagslegt og pólitískt samhengi haturstjáningar miklu máli, sem og staða þeirra sem orðræðan snýr að (sjá Maussen & Grillo 2014; Pejchal & Brayson 2016; Pohjonen & Udupa 2017). Marcel Maussen og Ralph Grillo (2014) tala að auki um þrjá þætti sem einkenna oft haturstjáningu: Henni er beint að vel afmörkuðum hópi; hópurinn er tengdur við óæskilega eiginleika; og lögð er áhersla á að hann sé óæskilegur og því sé ofbeldi gegn honum að einhverju leyti réttlæt看legt (bls. 174). Að ákveðnu leyti má því líta á hatursglæpi sem skilaboð til ákveðinna hópa sem undirstrikar hvernig hatursglæpir snúa ekki að einstaklingunum heldur hópnum sem viðkomandi er skilgreindur sem hluti af (Gestenfeld 2018; Ignaski 2001; McDevitt o.fl. 2001; Perry 2015). Jafnframt hefur fræðifólk bent á að líta megi á hatursglæpi sem refsingu þeirra hópa sem eru taldir „ekki halda sig á sínum stað“ (Perry 2001, 2003; sjá einnig Wigefelt, Wigefelt & Kuiskinen 2014). Sumar skilgreiningar líta svo á að skýr skil séu á milli haturstjáningar og hatursglæps, þar sem það fyrra felur í sér tjáningu (í tali, riti eða táknum) en hið síðara verknað (ODIRH 2009). Aðrir fræðimenn sjá tungumál og haturstjáningu hinsvegar sem ákveðna aðgerð í sjálfu sér (sjá umræðu í Maussen & Grillo 2014), og

leggja áherslu á að haturstjáning hvetji til og skapi forsendur fyrir hatursglæpi (sjá t.d. Bangstad 2014). Jafnframt hefur verið bent á að þröng áhersla á rasisma sem skoðar fyrst og fremst haturstjáningu getur gert lítið úr öðrum þáttum rasisma, svo sem stofnanalegri og kerfisbundinni mismunun milli einstaklinga (Bonilla-Silva 2015).

Almenn og fræðileg umræða um haturstjáningu hefur oft snúið að lagalegum þáttum og þá sérstaklega út frá áhrifum lagasetningar hvað varðar haturstjáningu á tjáningarfrelsi almennt. Síndre Bangstad hefur bent á að slík umræða einkennist víða í Evrópu af einskonar „annað hvort eða“ andstæðum (e. zero-sum game), þar sem er gert ráð fyrir að fólk sé annað hvort með eða á móti tjáningarfrelsi (Bangstad 2014, 266; sjá einnig Maussen & Grillo 2013). Ljóst er að Internetið hefur orðið gridastaður fyrir einstaklinga sem halda úti kerfisbundinni hatursorðræðu, bæði vegna þess nafnleysis sem það býður upp á og þess að það skapar tækifæri fyrir þverþjóðleg samskipti fólks (Bangstad 2014).

Ráðherraráð Evrópuráðsins byggir á eftirfarandi skilgreiningu: „Öll tjáning sem dreifir, hvetur til, stuðlar að eða réttlætir kynþáttahatur, útlendingahatur, gyðingahatur eða annars konar hatur sem byggist á umburðarleysi, þar á meðal umburðarleysi sem er tjáð með herskárri þjóðernisstefnu eða þjóðhverfum sjónarmiðum, mismunun og fjandskap gegn minnihlutahópum, farandverkafólki og fólki af erlendum uppruna“ (sjá Jóna Aðalheiður Pálmadóttir & Luliana Kalenikova 2013). Hér er gert ráð fyrir að hatursglæpur geti verið afleiðing af haturstjáningu.

Hatursglæpum hefur fjölgað mikið undanfarin ár (sjá Bachmann & Gooch 2017; Esposito & Kalin 2011; FBI 2017; Gestenfeld 2018; Home office 2018; Politiet 2019). Til dæmis hefur hatursglæpum sem hafa verið til rannsóknar hjá lögreglunni í Ósló fjölgað frá því að vera 68 árið 2011 í að vera 450 árið 2017 (Politiet 2018, 2017, 2016) og fjöldi hatursglæpa hefur jafnframt farið vaxandi í Svíþjóð (Brå 2017) og í Finnlandi undanfarin ár (Rauta 2016, 2017). Til þess að ríkið geti saksótt einstaklinga fyrir hatursglæp þarf að vera til staðar neikvætt viðhorf (hatur) gagnvart brotapolanum og brotið þarf jafnframt að varða við hegningarlög (ODIRH e.d.). Chakrabroti & Garland (2015) benda á í þessu samhengi að erfitt sé að skilgreina hugtakið hatur þegar fjallað er um hatursglæpi en Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ODIRH) bendir þó á að ekki sé krafa um að hatur sé til staðar þegar hatursglæpur er skilgreindur, heldur að hægt sé að sýna fram á neikvætt viðhorf gerandans gagnvart einkennum brotapolans eða þess hóps sem viðkomandi tilheyrir eða sem gerandinn telur brotapolann tilheyra (Gestenfeld 2003; ODIRH 2009). Sumir hafa því haldið því fram að í raun sé hatursglæpur rangnefni og fremur ætti að tala um brot byggð á neikvæðu viðhorfi (e. bias crime) (Perry 2001). Í hegningarlögum, í greinum 180 og 233a, er svo sérstaklega skilgreint hvað eru vernduð einkenni eða hópar sem hið neikvæða viðhorf þarf að beinast að. Í lagagrein 233a almennra hegningarlaga (haturstjáning) segir: „Hver sem opinberlega hæðist að, rógber, smánar eða ógnar manni eða hópi manna með ummælum eða annars konar tjáningu, svo sem með myndum eða táknum, vegna þjóðernis, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, kynhneigðar eða kynvitundar, eða breiðir slíkt út, skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum“ (almenn hegningarlög nr. 19/1940). Samkvæmt íslenskum lögum er haturstjáning (gr. 233a) skilgreind sem hatursglæpur líkt og

á hinum Norðurlöndunum (sjá norsk hegningarlög frá 1902/2005; sænsk hegningarlög frá 1962/2015; finnsk hegningarlög frá 1889/2015; dönsk hegningarlög frá 2005) og sett inn í íslensk lög í tilefni fullgildingar Íslands á samningi Sameinuðu Þjóðanna um afnám alls kynþáttamisréttis árið 1973 (sjá Björg Thorarensen 2003). Í stjórnarfrumvarpinu sjálfu frá árinu 1973 segir að alþjóðasamningar Sameinuðu Þjóðanna „skuldbindi aðildarríki til að kveða niður með tiltækum ráðum mismunun vegna kynþáttar, þjóðernis, litarháttar og trúarbragða“ (73. mál 1973/1974:1).

Taka má nokkur dæmi til að gefa vísbendingu um hvernig haturstjáning er túlkuð hér á landi út frá lögnum og áherslu þeirra á samhengi, en aðeins hafa fallið þrjú hæstaréttardómar hérlendis þar sem dæmt var til sektar. Í tveimur aðskildum hæstaréttardómum frá árinu 2017, þar sem tveir aðilar voru sakfelldir fyrir hatursorðræðu vegna neikvæðra ummæla þeirra um hinsegin fræðslu í hafnfirskum grunnskólum, var tekið fram í öðrum dómnum að tjáningin verði að fela í sér „slíka óbeit, andúð, fyrirlitningu eða fordæmingu að telja megí hana til hatursorðræðu í garð þess sem henni er beint að“. Í hæstaréttardómi frá árinu 2002, sem var fyrsti dómurinn sem féll undir ákvæði 233a hérlendis og sneri að kynþáttahyggi, kemur fram að það kynþáttanið sem farið var fram með í kærðum ummælum, þar sem m.a. var lögð áhersla á að „upphefja hvíta menn á kostnað manna af öðrum litarhætti“, væri til þess fallið að nauðsynlegt væri að skerða tjáningarfrelsi hins ákærða í ljósi réttinda fólks til að þurfa ekki að líða árársir vegna þjóðernis, litarháttar eða kynþáttar (Hrd. 461/2001). Þessa dóma má skilja þannig að mörkin liggja þar: Að tjáningin verði að sýna fram á hugmyndafræðilega yfirburði eins hóps umfram annan, og að greina megí óbeit, andúð og fyrirlitningu, sem sagt aukinn grófleika, í orðunum sem látin eru falla.

Hatursglæpir hafa oft verið sýnilegir í kringum viðburði þar sem lögð er áhersla á jafnrétti. Til dæmis má nefna hinsegin göngur í löndum Austur-Evrópu og á Balkanskaganum, þar sem mikil andstaða er gagnvart samkynhneigð (sjá Godzisz 2019) og gegn fólki sem leitaði alþjóðlegrar verndar í Evrópu, sérstaklega eftir fjölgun flóttafólks árið 2016 (FRA 2017). Í Frakklandi mældist til dæmis aukning í hatursglæpum gegn hinsegin fólki eftir samþykkt þingsins um jafnan rétt fólks til giftingar (SOS Homophobia 2014) og í tengslum við opnari umræðu um málefni transfólks hafa hatursglæpir í garð þess aukist (Bachmann & Gooch 2017). Fjölgun hatursglæpa í Evrópu undanfarin ár má meðal annars tengja við háværa umræðu um að fjölmening „hafi mistekist“ í Evrópu. Í slíku samhengi er oft talað um að „menning“ ákveðinna innflytjendahópa ógni svokallaðri evrópskri menningu og fjölmening þannig dregin upp sem eitthvað sem er neikvætt. Í mörgum tilfellum er um að ræða árársir á einstaklinga sem eru ekki innflytjendur heldur borgarar fæddir í viðkomandi landi (Lentin & Titley 2011). Þessi áhersla endurspeglar að einhverju marki hvernig rasismi í dag skiptir oft menningu út fyrir vísun í kynþætti (stundum kallað ný-rasismi eða menningarlegur rasismi). Þannig verða birtingarmyndir kynþáttafordóma undir formerkjum menningarmismununar (Kristín Loftsdóttir 2011, 375).

Sumir fræðimenn hafa jafnframt lagt áherslu á ótryggari stöðu fólks almennt á Vesturlöndum sökum stefnumótunar sem byggir á nýfrjálshyggi og sagt hana vera mikil-

vægan þátt í auknum fordómum. Einstaklingar í lægri efnahagslegri stöðu eiga þá í eins konar baráttu til að viðhalda stöðu sinni jafnvel þó að um sé að ræða valdalitla hópa sem taldir eru vera ógn (sjá til dæmis Petrosino 2003).

## 2. Rannsóknaraðferð, gagnaöflun og greining

Greinin byggir á skoðun og greiningu á heimasíðum sem halda úti haturstjáningu og annarri neikvæðri umræðu sem tengist fjölbreytileika á Íslandi. Umfjöllunin byggir þó jafnframt að hluta til á fyrirbyggjandi rannsóknum sem hafa skoðað neikvæða tjáningu gagnvart innflytjendum og múslímum innan stjórnmála, auk þess sem skýrslur ECRI hafa ítrekað bent á haturstjáningu á Íslandi. Skoðaðar voru heimasíður Norðurvígis, Vakurs, Íslensku Þjóðfylkingarinnar, Frelsisflokksins, Flokks fólksins og Útvarps Sögu. Á heimasíðu Útvarps Sögu voru slegin inn leitarorðin innflytjendur, múslímar, íslam, hatursorðræða, hælisleitendur og flóttafólk og það efni greint. Skoðun og greining á efni heimasíðna og Útvarps Sögu fór fram á tímabilinu 1. febrúar til 23. mars 2019 og var allt efni sem var á síðunum og kom fram í leitarorðum skoðað.

Allar heimasíðurnar eiga það sameiginlegt að vera stofnaðar eftir árið 2015. Töluvert magn efnis kom upp á heimasíðu Útvarps Sögu eða alls 168 umfjallanir með fyrrnefndum leitarorðum. Undir texta umfjallananna voru gjarnan slóðir á útvarpsumræður sem þær byggðu á og var hlustað á 15 útvarpsumræður í tengslum við gagnaöflunina. Mesti fjöldi umfjallana á Útvarpi Sögu fjallaði um íslam (46) og næstmestur fjöldi þeirra fjallaði um flóttafólk (40) og hælisleitendur (34). Umfjallanirnar samanstóðu af erlendum fréttaskotum og efni sem hafði verið á dagskrá útvarpstöðvarinnar, s.s. viðtölum. Á heimasíðu Vakurs voru greindar samtals 33 greinar, fréttir og myndbönd, auk þess sem allt upplýsingaefni um samtökin var skoðað. Á heimasíðu Norðurvígis voru greindar 18 greinar og myndbönd, auk þess sem allt upplýsingaefni um stefnu samtakanna var skoðað. Á heimasíðum Íslensku Þjóðfylkingarinnar, Frelsisflokksins og Flokks fólksins var allt efni skoðað.

Greining gagna fór fram með þeim hætti að allar fréttir, umfjallanir og efni sem sneri að innflytjendum, múslímum, fólki sem leitar alþjóðlegrar verndar og hinsegin fólki var lesið og það efni sem fjallaði um ofangreinda hópa með neikvæðum tilvísun var tekið saman. Við mat á því hvað flokkaðist sem neikvæð tilvísun var byggt á lagagrein 233. a. alm. hgl., þeim dómum sem hafa fallið um haturstjáningu héraendis og starfsþekkingu fyrsta höfundar af málaflokknum og þjálfun hans varðandi hatursglæpi á vegum Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ODHIR) og Evrópska lögregluskólans (CEPOL). Þessi gögn voru síðan sett í Nvivo-greiningarforrit þar sem þau voru flokkuð eftir þeim. Meðal þeirra þema sem birtust voru áherslur á að ógn standi af múslímum; að það sé hættulegt að múslímar flytji til landsins og að nauðsynlegt sé með einhverjum hætti að verjast gegn þeim. Markmiðið í þessari grein er þó ekki að gera megindelega greiningu á hinum eigindlegu gögnum (t.d. að telja fjölda tilvika af ákveðnum orðum og greina þau þannig megindelega), sem oft getur verið gagnleg. Markmið greinarinnar er fyrst og fremst að draga athygli að haturstjáningu í íslensku samfélagi, hvers eðlis þessi tjáning er, hverjir setja hana fram og hvar megi sjá hana.



Samantektin er hluti stærri rannsóknar um hatursglæpi og haturstjáningu hérlendis og er hugsuð sem ákveðin kortlagning haturstjáningar, sem kallar á frekari rannsóknir og nákvæmari greiningu.

### 3. Haturstjáning á Íslandi

Í þessum hluta umræðunnar gerum við grein fyrir hatursorðræðu á Íslandi. Við byrjum á því að skoða stærra samhengi slíkrar orðræðu á Íslandi. Við leggjum þar sérstaklega áherslu á mikilvægi stjórnmalamanna og fjölmiðla í að skapa farveg haturstjáningar. Sýnt verður fram á að þessi tvö rými skapa hvort tveggja vettvang fyrir breiðari opinbera umræðu með því að „daðra“ við haturstjáningu og tala beint inn í hana með fordómafullum yfirlýsingum um fjölbreytni samfélagsins og ákveðna hópa. Það má segja að rýmin stuðli þannig að hatursorðræðu í íslensku samfélagi með því að skapa jarðveg þar sem slíkur málflutningur telst réttmætur (sjá Petrosino 2003).

Lög sem banna haturstjáningu eru í gildi víðs vegar um Evrópu og leggja þau ýmist áherslu á að haturstjáning þurfi sérstaklega að kynda undir hatri og hvetja til ofbeldis eða ekki til að teljast refsiverð (Bleich 2011; ODIRH 2009). Þó má taka fram að í dómum Mannréttindadómstóls Evrópu hefur verið nokkurt ósamræmi er varðar haturstjáningu og því erfitt að festa hönd á hugtakinu eins og áður kom hér fram (Þingskjal 896/2018-2019).

Í umræðu okkar um þetta víða samhengi stjórnmála og fjölmiðla byggjum við sérstaklega á gagnrýni ECRI (Evrópunefnd gegn kynþáttamisrétti og umburðarleysi). Í næsta kafla tökum við síðan nokkur dæmi um öfgasamtök sem byggja sterklega á erlendri fyrirmynd. Þar má hvort tveggja sjá beinskeyttari haturstjáningu og orðræðu sem skapar mikilvægan jarðveg fyrir hana.

#### 3.1. Pólitískt samhengi

Á síðustu árum hefur verið bent á hvernig popúlistar í mörgum Evrópulöndum hafa færst frá því að vera á jafri stjórnmála og til þess að vera kjörnir fulltrúar, auk þess sem þeir fá meira rými innan umræðunnar. Um þetta hefur nokkuð verið skrifað út frá íslensku samhengi, sem hér verður fjallað um. Helstu einkenni þjóðernispopúlisma eru mikil áhersla á þjóðerniskennnd, andstaða við innflytjendur og skörp skil á milli „okkar“ og „hinna“ en þeir sem taldir eru tilheyra hinum eru þá til dæmis innflytjendur og hælisleitendur (Eiríkur Bergmann 2015). Sterkari staða þeirra sem tjá sig skiptir miklu máli hér, því eins því eins og fyrr var bent á er haturstjáning háð samhengi og valdastaða þeirra sem tala skiptir miklu máli. Þannig er talið að haturstjáning sem sett er fram af valdamiklum aðila, til dæmis stjórnmálamanni, hafi meiri afleiðingar en ef tjáningin er sett fram af valdaminni manneskju (sjá ODIRH e.d.). Á síðustu áratugum hefur slík orðræða beinst að múslimum og einstaklingar nota innfluttan áróður sem þeir heimfæra á eigin samfélög (Bjarni Randver Sigurvinsson 2017; Kristján Þór Sigurðsson 2013). Víða hefur slíkur málflutningur skapað frjóan jarðveg fyrir íslamsfælni innan slíkra stjórnmálaflokka (sjá Bangstad 2015; Eiríkur Bergmann 2015) en íslamsfælni hefur verið skilgreind sem neikvætt viðhorf eða orðræða um íslam og múslima sem getur leitt til mismununar og aðkasts í garð múslíma (Kristján Þór Sigurðsson 2014).

Árið 2014 mátt sjá töluvert neikvæða umræðu um múslíma í kjölfar ummæla stjórn-málamanns en Sveinbjörg Birna Sveinsdóttir, sem þá var í forystusæti Framsóknar og flugvallarvina í borgarstjórnarkosningunum, talaði neikvætt um úthlutun lóðar til bygg-ingar mosku í Reykjavík (Kristín Loftsdóttir 2015). ECRI (2017) vísaði til þessara um-mæla sem dæmis um neikvætt viðhorf til múslíma því Sveinbjörg talaði inn í orðræðu þar sem haldið er á lofti hugmyndum um að Íslandi standi ógn af múslímum. Málflut-ningur í kjölfar ummæla Sveinbjargar lagði áherslu á að múslímar væru hættulegir og sam-ræmdust ekki „vestrænni“ menningu (sjá Gauti Skúlason o.fl. 2015; María Smáradóttir Jóhönnudóttir 2015). Margir töldu að þessi ummæli hennar hefðu í raun hjálpað til við að þrýsta upp fylgi flokks hennar á lokaspretti kosningabaráttunnar (Kristín Loftsdóttir 2015, 170). Þetta dæmi sýnir hvernig einstaklingar á sviði stjórn mála geta opnað eða leitt ákveðna umræðu. Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu taka mið af samhengi haturstjáningar (Björg Thorarensson 2003) og hefur ODIRH (2009) sérstaklega bent á að for-dómafull umræða stjórn málamanna geti leitt til ofbeldisfullra hatursglæpa og í raun sé haturstjáning sett fram af fólki í valdastöðu alvarlegri en annarra.

Í skýrslu ECRI (2017) eru rakin fleiri dæmi um stjórn málamenn frá þessum tíma. Ás-mundur Friðriksson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, talaði til dæmis um að skoða þyrfti bakgrunn allra múslíma sem byggju hérlendis til að kanna hvort einhver þeirra væri með hryðjuverkatengsl. Slík tjáning er til þess fallin að styrkja sögusagnir um að múslímar séu hættulegir og að líta beri á þá sem ógn. Í blaðagrein frá svipuðum tíma aðgreindi Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, fólk í „okkur“ og „hina“ með því að segja mikilvægt að gera greinarmun „á kristni og trúarbrögðum sem passa illa inn í okkar hugmyndafræði, okkar menningu og mentalítet“ þegar hann ræddi hversu mikið kristin gildi hefðu sameinað Íslendinga (María Lilja Þrastardóttir 2014). Með þessu talar hann beint inn í þá orðræðu að múslímar geti ekki passað inn í vestræn samfélög.

Eiríkur Bergmann (2015) bendir þó á að mun fyrr, eða í kringum árið 2006, hafi verið hægt að finna neikvæða orðræðu gegn innflytjendum hjá Frjálslynda flokknunum og var flokkurinn gagnrýndur af hálfu annarra stjórn málamanna fyrir að kynda undir útlendingahatri (mbl.is 2006; Vísir.is 2006). Flokkurinn bar til dæmis fram þá tillögu að allir innflytjendur yrðu rannsakaðir í þeim tilgangi að kanna hvort þeir bæru með sér sjúkdóma. Samhliða þessu benti ungliðahreyfing flokksins á að aukinn fjöldi innflytj-enda leiddi til hærri glæpatíðni og aukinnar fíkniefnanotkunar (Eiríkur Bergmann 2015). Ekki er hægt að sjá að tíðni glæpa á Íslandi hafi aukist með auknum fjölda innflytjenda. Árið 2006, þegar hlutfall innflytjenda hérlendis var 6%, hafði lögreglan til meðferðar um 13.500 hegningarlagabrot, en árið 2017, þegar hlutfall innflytjenda var 10,6%, hafði fjöldi hegningarlagabrota lækkað og var tæplega 12.000 (Hagstofan e.d.; Ríkislögreglu-stjóri 2018).

Íslenska þjóðfylkingin (ÍP) steig fram á svið íslenskra stjórn mála árið 2016 og bauð í kjölfarið fram til sveitarstjórnar og Alþingis án mikils árangurs. Á heimasíðu ÍP má sjá að hún krefst þess að innflytjendalöggjöf verði hert; hún hafnar „sharía-lögum“ og vill banna búrkur, starfsemi moska og kóranskóla, og hafnar öllu skólahlaldi íslamista (Ís-lenska þjóðfylkingin e.d.). Eftir að ágreiningur kom upp innan ÍP var Frelsisflokkurinn



stofnaður. Frelsisflokkurinn boðaði í framboði sínu til borgarstjórnar Reykjavíkur árið 2018 að borgin yrði ekki „hælisgreni“ eins og fram kemur á heimasíðu flokksins, auk þess sem flokkurinn vill banna moskur og fjölmeningu (Frelsisflokkurinn e.d.). Bæði Frelsisflokkurinn og Íslenska þjóðfylkingin beina þannig sjónum sínum að því sem þeir kalla misheppnaða fjölmeningu vegna innflytjenda sem eru múslímar (Gunnlaugur Ingvarsson 2018). Það má segja að bæði Frelsisflokkurinn og Íslenska þjóðfylkingin tali sterkt inn í innflutta orðræðu um múslíma (sjá Kristján Þór Sigurdsson 2013; Kristín Loftsdóttir 2013) sem er ætlað að stilla múslímum upp sem ógn (sjá Bangstad 2019). Þessi orðræða, sem speglar múslíma sem ógn í samhengi við Ísland, endurspeglar hvernig slík orðræða verður samhliða þverþjóðleg og íslensk.

Við skoðun og greiningu gagna sem lúta að neikvæðri umfjöllun stjórnmalaflokka gagnvart minnihlutahópum má sjá að rúmum áratug eftir neikvæða umræðu Frjálslynda flokksins er fyrrverandi varaformaður hans, Magnús Þór Hafsteinsson, kominn í stjórn Flokks fólksins. Magnús er að auki ritari þingsflokksins og fyrrverandi frambjóðandi flokksins í Alþingiskosningum. Flokkur fólksins daðraði við útlendingahatur í framboði sínu til Alþingis árið 2017. Til dæmis var haft eftir Ingu Sæland að hún væri „svona Marie Le Pen-týpa“ (Þórður Snær Júlíusson 2017a) og kvaðst hún í viðtali við Pétur Gunnlaugsson á Útvarp sögu árið 2017 telja að hælisleitendur væru teknir fram yfir fjölskyldur í húsnaðismálum. Þingmenn Flokks fólksins, aðrir en Ólafur Ísleifsson, hafa ekki talað með slíkum hætti eftir að hafa komist á þing. Magnús Þór er þó þýðandi bókar Hege Storhaug, *Þjóðarplágan íslam* (Birgir Örn Steinarsson 2016), sem Samtök um tjáningarfrelsi gáfu út árið 2016. Í bókinni er talað með hatursfullum hætti gegn íslam og varað við að múslímar taki yfir Evrópu. Bókin byggir í raun á þeirri hugmyndafræði að Evrópa sé í stríði við múslíma (Bangstad 2019) og ímynd múslíma í bókinni er að þeir kúgi konur, séu á móti samkynhneigð og séu ógn við samfélagið (Bangstad & Helland 2019).

### 3.2. Fjölmíðlar

ECRI hefur lýst yfir áhyggjum af bæði sjónvarpsstöðinni Omega og útvarpsstöðinni Útvarpi Sögu í tengslum við útbreiðslu haturs á Íslandi. Í fjórðu og fimmtu eftirlitsskýrslu ECRI er greint frá því að Omega sjónvarpi fjandsamlegri tjáningu í garð múslíma (ECRI 2012, 2017) og skýrsla ECRI frá 2017 fjallar svo ítarlega um Útvarpsstöðina Sögu og hvernig tjáningu sem byggir á neikvæðu viðhorfi er beint gegn múslímum, hinsegin fólki og innflytjendum. Þess ber jafnframt að geta að töluvert er af neikvæðri tjáningu í garð minnihlutahópa í ummælakerfum annarra fjölmiðla og eru dæmi þess að brugðist hafi verið við með lokun. Sem dæmi má nefna að fjölmiðillinn Vísir.is sá sig tilneyddan til að loka fyrir athugasemdir við fréttir af hryðjuverkinu á Nýja-Sjálandi þar sem nokkrir aðilar lýstu yfir ánægju með morð á 50 einstaklingum (Stundin 2019).

Ólíkt neikvæðri orðræðu stjórnmalamanna, sem hefur beinst töluvert að múslímum, innflytjendum og fólki sem leitar alþjóðlegrar verndar, er fjölbreyntin meiri í fjölmiðlum eins og greining gagna í rannsókninni bendir til. Til dæmis má sjá þar jarðveg fyrir neikvæða orðræðu gegn hinsegin fólki. Árið 2015 lagði stjórn Samtakanna 78 fram tíu kærur vegna haturstjáningar í garð hinsegin fólks (Kjarninn 2015). Kærð ummæli voru

öll tilkomin vegna ákvörðunar Hafnarfjarðarbæjar um að ganga til samninga við Samtökin 78 um hinsegin fræðslu í grunnskólum bæjarins. Í samtali við Vísir.is sagði Hilmar Hildarson Magnússon, þáverandi formaður Samtakanna 78, að þau teldu orðræðuna „vega gróflega að rétti hinsegin fólks til einkalífs, fjölskyldu og jafnréttis“ (Atli Ísleifsson 2015). Hluti ummælanna sem voru kærð hafði verið viðhafður á Útvarpi Sögu, en önnur sett fram í athugasemdakerfum annarra fjölmiðla, og var meðal annarra stöðvarstjórinn Pétur Gunnlaugsson kærður (Jakob Bjarnar 2016). Í viðtali við mbl.is sagði Hilmar að hér sé „ekki um einangruð tilvik að ræða, þar sem árásirnar séu viðvarandi og spretti upp aftur og aftur, nú síðast af miklu afli í síðustu viku“ og á þar m.a. við umræðurnar í Útvarpi Sögu þar sem málið fékk mikla umfjöllun í símatímum hjá Péttri Gunnlaugssyni. Í símatímunum reyndi Pétur ekki að stöðva meiðandi umræðu, og að mati sumra hvatti hann jafnvel til hennar (sjá Kolbeinn Tumi Daðason 2016). Átta málanna voru að lokum rannsökuð og sex fengu framgang í réttarkerfinu og var að endingu dæmt til sektar í tveimur málum í Hæstarétti. Hin neikvæða tjáning gegn hinsegin fólki er skýrt dæmi um neikvæð viðbrögð gegn réttindabaráttu. Hatursorðræðan sprettur þar af leiðandi ekki út frá því að vera hinsegin, enda er það að einhverju leyti samþykkt af þessum aðilum eins og kemur fram í þeirri tjáningu sem kærð var, heldur eru viðbrögðin neikvæð gagnvart því að hinsegin fólk óski eftir sýnileika, réttindum og viðurkenningu til jafns við gagnkynhneigt fólk. Rétt eins og Barbara Perry (2001, 2003) bendir á er hatursglæpum meðal annars beitt sem refsingu fyrir þá sem „halda sér ekki á sínum stað“ og hefur fjöldi hatursglæpa tekið skarpan kipp í kjölfar ýmissa réttinda sem minnihlutahópar hafa fengið (sjá t.d. SOS homophobia 2014; Bachman & Grooch 2014).

Eins og ECRI (2017) hefur bent á fer ekki minna fyrir neikvæðri umræðu í garð annarra minnihlutahópa í Útvarpi Sögu. Sjá mátti í greiningu gagna að frá árinu 2016 hafa á heimasíðunni verið sagðar 58 fréttir af múslímum og íslam sem oft byggja á umræðu sem hefur átt sér stað á útvarpstöðinni. Fréttirnar fanga þar af leiðandi ekki alla tjáningu um múslíma eða íslam á útvarpstöðinni. Langstærstur hluti þeirra fréttanna sem skoðaðar voru reyndist neikvæður í garð múslíma og íslam og til þess fallinn að skapa ótta og andúð í garð múslíma. Til að mynda var bók Hege Storhaug, *Þjóðarplágan íslam*, töluvert til umræðu á útvarpsstöðinni auk ráðstefnu Vakurs þegar Robert Spencer var aðalræðumaður en hann er þekktur á alþjóðavísu fyrir að halda úti haturstjáningu gegn fólki sem aðhyllist íslamstrú (sjá Bangstad 2014). Í greiningu á fréttum á heimasíðu Útvarps Sögu má sjá að í tengslum við ráðstefnuna lét Ólafur Ísleifsson, núverandi þingmaður Miðflokksins, hafa eftir sér í Útvarpi Sögu að það væri merki um að fólk léti ekki kúga sig hve góð mæting var á ráðstefnuna (Jóhann Kr. 2017a). Ólafur Ísleifsson er tíður gestur á útvarpsstöðinni og hefur sér í lagi beitt sér í umfjöllun um tjáningarfrelsið. Í viðtali á útvarpsstöðinni 29. apríl 2017 furðar hann sig á því að ákært hafi verið fyrir hatursorðræðu og segir að um „nýtiskuorð“ sé að ræða sem sé á lágu plani og sett fram af fólki í slæmu tilfinningaástandi. Hann hefur tekið undir sjónarmið Péturs Gunnlaugssonar um að fella eigi út lagagrein 233a í almennum hegningarlögum (Ólafur Ísleifsson 2017a). Í öðru viðtali fjallar Ólafur um ECRI-skýrsluna frá 2017 þar sem meðal annars er fjallað um haturstjáningu á útvarpsstöðinni og segir skýrsluna ekki „standast neinar faglegar

kröfur“ og gerða í „pólítískum leik“, og að skýrsla nefndarinnar sé líklega „samin hér-  
lendis“ af „pólítískt innréttuðu“ fólki (Ólafur Ísleifsson 2017b). Ummæli hans reyna  
þannig að draga úr trúverðugleika skýrslunnar. Verk ECRI eru vitanlega ekki hafin yfir  
gagnrýni en benda má á að hlutverk nefndarinnar, sem starfar undir Evrópuráðinu, er að  
fylgjast með ástandi mála í Evrópu varðandi kynþáttafordóma og annað umburðarleysi.  
Í kjölfarið koma með tillögum til yfirvalda um hvað betur megi fara (coe.int e.d.).

Annað sjónarmið sem talar inn í slíka neikvæða umræðu er að Útvarp Saga gefur  
Frelsisflokknum gott rými í fréttum á heimasíðu sinni sem og tækifæri í útvarpi til að  
koma sýn sinni á framfæri. Þar talar Frelsisflokkurinn með afgerandi hætti gegn íslam-  
svæðingu Íslands og almennt gegn múslímum. Að sama skapi byggir töluvert af fréttum  
á viðtölum um „hættur“ og „ógnir“ fjölmeningarinnar, eins og að múslímar geti ekki  
aðlagast, að öfgaíslam sé ástundað hérlandis, að múslímum fylgi aukin glæpatíðni og að  
lýðræði og kristni eigi undir högg að sækja í Evrópu vegna „góða fólksins“ sem neiti að  
horfast í augu við raunveruleikann.

Eigendur Útvarps Sögu hafa talað sama máli og Vakur, ÍP, Frelsisflokkurinn og aðrir  
sem telja sig fórnarlömb pólítísks rétttrúnaðar og telja sérstaka vernd minnihlutahópa í  
lögum valdniðslu stjórnvalda í garð pólítískra skoðana sem eru á skjön við þeirra eigin.  
Í umsagnarbeiðni Útvarps Sögu um lagabreytingartillögu með þrengingu ákvæðis 233a í  
alm.hgl. skrifar Arnþrúður Karlsdóttir, eigandi stöðvarinnar, t.a.m. að:

Það er mat Útvarps Sögu að núverandi lagagrein 233a í alm.hgl.  
19/1940, hafi leitt til þess að færa íslenskum stjórnvöldum óeðlilega  
mikið vald til þess að ráðast að ákveðnum einstaklingum og lögað-  
ilum sem hafa ekki verið stjórnvöldum að skapi. Verður ekki betur séð  
að þær ákvarðanir séu byggðar á pólítískum hvötum og þeirri þörf  
að þagga niður í ákveðnum þjóðfélagshópum eftir eigin geðþótta  
íslenskra stjórnvalda á hverjum tíma. Slíkt verklag sem Útvarp Saga  
hefur mátt þola af hálfu íslenskra stjórnvalda og orðið vitni að á ekk-  
ert skylt við mannréttindavernd heldur er fremur í ætt við ofsafengna  
þörf til þess að beita valdniðslu í skjóli núverandi ákvæða 233 gr. a, í  
alm.hgl. 19/1940.

Eins og fram hefur komið er stundum álitid að annaðhvort sé fólk með eða á móti  
tjáningarfrelsinu og það sé enginn millivegur (Bangstad 2014). Þannig er hugmyndin  
um tjáningarfrelsið jafnframt notuð sem réttlætning á fordómum og haturstjáningu (sjá  
Gossman 2018).

#### 4. Sköpun öfgaafila í íslensku samfélagi

Í þessum hluta munum við gera stuttlega grein fyrir nýlegum samtökum á Íslandi sem  
byggja á hugmyndum erlendra öfgahópa. Slíkir hópar hafa orðið sérstaklega sýnilegir  
með þeirri tækni sem netið felur í sér þar sem hægt er tjá sig og virkja stóran hóp þvert  
á landamæri. Orðasambandinu „alþjóðavæðing haturs“ (Schweppe & Walters 2016) er

ætlað að undirstrika þetta landamæraleysi öfgahópa og hvernig haturstengd orðræða getur dreifst hratt á milli hópa og einstaklinga. Í slíkum hópum er hatursorðræða iðulega réttlætt með vísun til tjáningarfrelsis, sem verður þá eins konar réttlæting á því að halda uppi haturstjáningu (Gossman 2018). Slíkir hópar eru þó mismunandi þar sem sumir halda uppi orðræðu sem hvetur óbeint til ofbeldis á meðan aðrir eru virkir þátttakendur í ofbeldi. Nýnasistahreyfingar hafa til dæmis ekki eingöngu skapað jarðveg fyrir hatur heldur tekið þátt í og staðið fyrir alvarlegu ofbeldi og hryðjuverkum<sup>1</sup> út frá pólitískri hugmyndafræði sem gengur út á yfirburði og yfirráð „hvíta kynstofnsins“ (Sallamaa 2018). Sumir hafa gagnrýnt að yfirvöld hafi víða sofnað á verðinum þegar kemur að ofbeldisverkum slíkra öfgahópa (sjá Reitman 2018).

#### 4.1 Ógn við evrópska menningu

Samtökin Vakur, samtök um evrópska menningu, opnuðu heimasíðu sína árið 2017. Við nánari skoðun sést að á vefsíðu Vakurs kemur hvergi fram hverjir standi að baki félaginu þótt reglulega hafi verið vísað til nokkurra aðila sem talsmanna þess í fjölmiðlum. Samkvæmt heimasíðunni eru nöfn stjórnarmanna félagsins og nöfn þeirra níu manna sem sitja í framkvæmdaráði þess trúnaðarmál og því ekki gefin upp. Til að fá að taka þátt í félaginu þarf að sitja þrjú grunnnámskeið og leggja fjármagn eða vinnu af mörkum (Vakur e.d.).

Heimasíða samtakanna leggur áherslu á verndun íslenskrar menningar og í upplýsingum um félagið er sagt að markmið þess sé að vernda og efla þá þrjá aflvaka íslenskra menningar og að:

evrópsk eða vestræn siðmenning sé runnin frá þremur uppsprettum; 1) Fornmenningu og heimspeki Grikkja og Rómverja. 2) Frumkristinni menningararfleifið og 3) siðum og hugsunarhætti hinna germönsku þjóða, sem frá upphafi þjóðflutninga til loka víkingaaldar settu mót sitt á nær allar þjóðir Norðurálfa (Vakur.is e.d.)

Til þess að skapa tengingu við Ísland og íslenska menningu er vísað til bókarinnar *Íslenske menning* eftir Sigurð Nordal, en sú bók var gefin út 1942, í allt öðru pólitísku umhverfi. Samtökin byggja á þeirri hugmynd að stríð geisi á milli Evrópu og múslíma, og ber málflutningur þeirra með sér að ásakanir annarra um haturstjáningu séu settar fram til að koma í veg fyrir að „sannleikurinn“ komi fram um múslíma sem hættulega ógn. Þannig berjast samtökin ekki aðeins gegn innflytjendum og múslímum heldur einnig fyrir takmörkun á tjáningu þeirra sem gagnrýna málflutning þeirra. Ráðstefna sem þau héldu árið 2017 og bar heitið *Íslam og framtíð evrópskrar menningar; er hægt að nútímavæða Íslam?* sneri því að þessum tveimur sjónarmiðum. Robert Spencer, sem var kynntur til leiks sem „einn mesti fræðimaður um íslam í hinum vestræna heimi“ (Vakur e.d.), var ræðumaður ráðstefnunnar. Robert Spencer er þekktur á heimsvísu fyrir sjónarmið sín varðandi íslam, þar sem hann leggur áherslu á svokallaða íslamsvæðingu sem og á að múslímar ætli að taka yfir Evrópu til að koma á sharíaólögum. Í bókinni *Einn af okkur, saga af samfélagi*,

eftir norska rithöfundinn Ásne Seierstad (2016), er saga Anders Breivik rakin að þeim tíma þegar hann framdi hryðjuverk í miðbæ Óslóar og í Útey. Þar kemur fram að Robert Spencer var honum mikill innblástur í trú sinni á að hið fjölmenningarlega samfélag væri ógn gegn norsku samfélagi. Anders vísaði í Robert Spencer 60 sinnum í yfirlýsingu sem hann skrifaði og útskýrði ástæðurnar fyrir hryðjuverkunum (Robinson 2011). Einstaklingurinn sem stóð að hryðjuverkunum á Nýja-Sjálandi árið 2019 var mikill aðdáandi Anders Breiviks og vísaði til sömu hugmyndafræði og þeir Robert Spencer deila í riti sem hann gerði opið almenningi rétt áður en hann lét til sín taka (Aljezzera 2019). Annar fyrirlesari á ráðstefnu Vakurs, Christine Williams, hefur sömuleiðis í skrifum sínum á Jihadwatch.org fjallað um múslíma sem ógn og í einum pistli sínum hvetur hún sérstaklega Íslendinga til að vantreysta múslímum enda væri eina markmið múslíma að koma á sharíaögum. Fréttir þess edlis birtust á Útvarpi Sögu sem miðlaði tölvuvert frá ráðstefnunni og tók auk þess m.a. viðtal við Williams (Jóhann Kr. 2017b).

Félagsskapurinn Vakur hafði einnig ráðgert að halda ráðstefnuna *Fjölmenningin í Evrópu: Vandamál og lausnir* með Bretanum Tommy Robinson árið 2018. Robinson hefur vakið athygli í Bretlandi fyrir fordómafullar skoðanir á múslímum og er í hópi þeirra sem líta svo á að fjölmenning hafi mistekist, eins og nafn fyrirlesturs hans gefur til kynna. Ekkert varð þó af ráðstefnunni því Robinson lét sig vanta, en engu að síður hefur Vakur talað fyrir málstað hans og t.d. haldið samstöðufund og kyrrðarstund þegar hann var handtekinn í Bretlandi. Haft var eftir Halli Hallssyni, talsmanni gegn íslamsvæðingu, í fjölmiðlum, meðal annars á Útvarpi Sögu, að hann teldi Robinson vera pólitískan fanga vegna skoðana sinna (mbl.is 2018; Jóhann Kr. 2018). Vakur og Tjáningarfrelsið, sem gáfu út bókina *Þjóðarplágan Íslam*, stóðu svo saman að ráðstefnu með Douglas Murray, vorið 2019, í tilefni útkomu íslenskrar þýðingar á bók hans, *Dauði í Evrópu. Innshyftjendur, sjálfsmynd og íslam*. Á heimasíðu Vakurs var bókinni lýst svo: „áhrifamikil lýsing á siðmenningu sem á undir högg að sækja vegna fjöldainnflutnings fólks frá ólíkum menningarsvæðum“. Þetta fellur undir sömu sjónarmið og komu fram á fyrri ráðstefnunni. Bókin *Dauði í Evrópu* er, líkt og bókina *Þjóðarplágan íslam*, sem þýdd var af Magnúsi Þór Hafsteinssyni, sem situr í stjórn Flokks fólksins, gefin út af félaginu Tjáningarfrelsi og þýdd af fyrrum þingmanninum Jóni Magnússyni. Á heimasíðu Vakurs kemur einnig fram að Valdimar Jóhannesson, formaður félagsins Tjáningarfrelsið, sem gaf út bókina *Þjóðarplágan Íslam* hérlendis, hafi stutt ráðstefnuna fjárhagslega (Vakur e.d.).

Bangstad (2019) hefur bent á að miklum fjármunum er varið til dreifingar á haturstjáningu gagnvart múslímum og í raun og veru er það helsta hindrun þess að hægt sé að taka á haturstjáningu almennilega vegna þess að framboð á henni verði of mikið til að lögreglan og yfirvöld geti spornað gegn afleiðingum hennar. Hér skiptir einnig máli að það er að stórum hluta ósýnilegt hvaðan peningarnir koma sem styrkja útgáfu þessara bóka og og viðburða.

#### 4.2. Áhrif alþjóðavæðingar haturs á íslenskt samfélag

Norðurvígi, eða Norræna mótspyrnuhreyfingin, er deild innan Nordic resistance movement, sem er helsta nýnasistahreyfing Norðurlanda. Fræðimenn hafa skilgreint sam-

tökin sem herská samtök sem vilji byltingu (sjá Malkki & Sallamaa 2018). Í lok ársins 2018 bönnuðu dómstólar í Finnlandi samtökin með á þeirri forsendu að þau stuðli að ofbeldi og héldu á lofti hugmyndum um að hvítir Evrópubúar væru öðrum æðri. Dómstólar sögðu samtökin jafnframt aðhyllast gyðingahatur, fordóma gegn hinsegin fólki og fasisma (YLE 2018a). Lögreglan í Finnlandi stóð að baki því að banna samtökin (YLE 2018b). Í þessu samhengi má benda á lið b í 4. grein Alþjóðasamnings um afnám alls kynþáttamisréttis, sem lagagrein 233a Alm. hgl. byggir á, og segir að aðildarríkin „lýsa ólögleg eða banna samtök og einnig skipulagða og alla aðra áróðursstarfsemi sem stuðlar að og hvetur til kynþáttamisréttis og skal gera þátttöku í slíkum samtökum eða starfsemi refsiverða með lögum“ (Alþjóðasamingur um afnám alls kynþáttamisréttis nr. 14/1968).

Norðurvígi hefur verið starfrækt hérlendis frá árinu 2016 þegar samtökin opnuðu íslenska heimasíðu. Gagnaöflun sem greinin byggir á sýnir að íslenskur liðsmaður sem kallaði sig Bror Vakur hafði áður skrifað fréttir á sænska síðu félagsins (Nordfront 2016) en hann varð síðar formaður félagsins (sjá Norðurvígi e.d.). Út frá þessu má velta fyrir sér tengslum á milli samtakanna Norðurvígis og Vakurs, samtaka um evrópska menningu, þar sem hin fyrri tengjast herskáum málflutningi en hin síðari reyna að hjúpa mála-tilbúning sinn í dulu tjáningarfrelsis. Því má velta upp hvort sömu aðilar standi á bak við Norðurvígi og Vakur. Liðsmenn Norðurvígis hér á landi hafa þó lítið látið á sér bera og veit í raun enginn hverjir tilheyra samtökunum eða hversu margir félagsmenn eru. Leynd yfir meðlimum er þó einnig viðhöfð hjá Vakri. Helst hafa samtökin verið að útbúa lím-miða með kynþáttaniði og útlendingahatri og dreift víða og þá hafa þau flaggað fána sínum í almannarými (Norðurvígi e.d.). Miðarnir sem miðla hatursorðræðu hafa sést á höfuðborgarsvæðinu, límdir á veggi grunnskóla, á sæti í strætó, á ljósastaura og annars staðar í almannarými.

Daniel Sallamaa (2018), sem hefur rannsakað félagsskapinn í Finnlandi, nefnir að á yfirborðinu séu liðsmenn aðallega að stuðla að útbreiðslu áróðurs, en undir því séu þeir að efla sig í bardagaþróttum og vopnaburði, sem bendir til þess að hópurinn sé að búa sig undir einhvers konar átök. Á heimasíðu Vakurs er auglýst sérstaklega eftir sjálfboðaliðum sem þekkja til öryggisgæslu og kunna sjálfsvarnarþróttir (Vakur e.d.), og þá var því haldið fram í grein í Stundinni að Vakur hafi staðið að baki því að bjóða upp á vopnaþjálfun til að verjast innflytjendum (Alma Mjöll Ólafsdóttir 2019b). Í árs-skýrslu Norðurvígis frá 2018 kemur fram að fjölmörgum verkefnum hafi verið sinnt, meðal annars hafi liðsmenn samtakanna tekið þátt í viðburðum félagsins í Svíþjóð og aflað fleiri félagsmanna. Þá sagði formaður íslenska arms félagsins í viðtali við sænska útvarpsstöð samtakanna á netinu að „eitthvað stórt væri í bígerð á Íslandi árið 2019“ án þess að útskýra betur hvað átt væri við (Nordfront 2019). Þá kemur jafnframt stefna félagasamtakanna „Okkar sýn“ fram á heimasíðunni og tilgreinir hugmyndafræði sem samtökin byggja á. Þar kemur skýrt fram að meginmarkmið samtakanna er að standa vörð um „hvíta kynstofninn“:



Það að kynþáttur okkar lifi af og frelsi er mikilvægasta markmið pólitískrar sóknar Norrænu mótstöðuhreyfingarinnar. Gegn þessu markmiði eru margar ógnir, þar á meðal sú mest ógnvekjandi og aðkallandi sem er stórinflutningur fólks af öðrum kynþáttum til Norðurlandanna. Þetta, ásamt núverandi lágri fæðingartíðni norrænna kvenna í samanburði við innflytjendur, og þeirri staðreynd að aðfluttir innflytjendur eiga stundum afkvæmi með norrænum konum og mönnum, leiðir til fækkunar á upprunalegu norrænu fólki í tengslum við fólk sem ekki er af norrænum uppruna. Hin svo kallaða fjölmenn-ing og stór innflutningur fólks er í raun efnisleg tilfærsla og þjóðar-morð á norræna fólkinu.

Í kjölfar mikillar umræðu um flóttafólk urðu árið 2016 til tveir Facebook-hópar héra-landis; Hermenn Óðins og Soldiers of Odin Iceland. Eins og fyrr er sagt hefur alþjóða-væðing haturs leitt það af sér að öfgahópar verða alþjóðlegir tiltölulega fljótt og er hópurinn Soldier of Odin dæmi um slíkt. Hann hóf göngu sína í Finnlandi árið á undan (árið 2015) með það að markmiði að vernda hvítar finnskar konur gegn kynferðisaf-brotum múslímskra karla (sjá Wigerfelt, Wigerfelt & Kuisinen 2014). Samtökin halda því fram að konum standi ógn af múslímskum karlmönnum, sér í lagi að þeir beiti þær kynferðislegu ofbeldi, auk þess sem ógn sé af allri íslamvæðingu Evrópu. Þess konar málflutningur byggir á hugmyndum sambærilegum þeim sem Hege Storhaug setur fram í bók sinni um þjóðarpláguna íslam og málflutningur Robert Spencer og Tommy Robin-son gengur út á.

Ekki er vitað til þess að hóparnir Hermenn Óðins og Soldiers of Odin Iceland hafi farið í einhverjar aðgerðir héra-landis en liðsmenn Soldiers of Odin Iceland mættu í peysum merktum félaginu í miðbæ Reykjavíkur á 17. júní hátíðarhöldin 2016. Í frétt á DV var fjallað um að hópurinn væri kominn með einkennisbúning og rétt var við tvo liðsmenn, og hafði annar þeirra áður hlotið dóm fyrir afbrot á vegum vélhjóláhópsins Outlaws (Ritstjórn DV 2016). Rannsóknir sem gerðar hafa verið á liðsmönnum Soldier of Odin í Finnlandi og Noregi sýna að þar eru þeir upp til hópa karlmenn sem hlotið hafa dóma fyrir ofbeldisverk (sjá Castle & Parson 2017). Af öðrum hópum sem hafa sprottið upp héra-landis má nefna íslenskt útibú Pegida-samtakanna en sá félagsskapur hóf starfsemi sína eftir árásina á Charlie Hebdo í París (sjá Eirík Bergmann 2015). Pegida eru upphaflega þýsk samtök sem berjast gegn múslímum og innflytjendum til að vernda svokallaða evrópska menningu og „hvíta kynstofninn“. Þá hafa aðrir hópar verið sýni-legir í íslensku samfélagi, svo sem C18, eða Combat 18, og Blood and honour (sjá Eirík Bergmann 2015), en báðir hóparnir byggja á dálæti á Adolf Hitler og nasisma og draga tilvist helfararinnar í efa. Ekki hefur borið mikið á áhængendum þessara samtaka héra-landis en þó birtist í sjónvarpsþættinum *Paradísarheimt* á RÚV í febrúar 2019 viðtal við konu sem kvaðst tilheyra C18 og var meðal annars með húðflúrað á sig merki þeirra. Í þættinum kvaðst hún ekki trúá því að helförin hafi verið eins slæm og af er látið.

## Umræður og lokaorð

Niðurstöður rannsókna, auk þeirra gagna sem safnað var fyrir rannsóknina, sýna glöggst fram á að ákveðið fordæmi hefur verið gefið í samfélaginu sem skapar rými fyrir tjáningu neikvæðra viðhorfa gegn minnihlutahópum sem atlað er að kynda undir hatri og mismunun. Þessi orðræða er notuð til að stilla minnihlutahópum upp sem ógn gegn íslenskri menningu, „hvíta kynstofninum“, konum og öryggi samfélagsins. Orðræðan beinist að mestu leyti gegn múslímum. Einstaklingar sem halda úti orðræðu sem þessari hafa í sumum tilfellum beinan aðgang að fjölmiðlum í gegnum eignarhald og stjórnun miðlanna þar sem falsfréttum er meðal annars miðlað. Í gegnum þessa miðla hafa þessir einstaklingar möguleika á að setja ákveðin mál á dagskrá eða hafa áhrif á umræðuna. Hér er einnig áhyggjuefni að tilteknir og óþekktir aðilar virðast hafa bolmagn til að fjármagna viðburði þar sem fengnir eru til landsins einstaklingar sem þekktir eru fyrir að miðla hatursáróðri, sem og til að veita fé til þýðingar og útgáfu bóka þar sem meginmarkmiðið virðist vera að sýna að „hvítum Evrópubúum“ standi ógn af múslímum; bóka sem eru til þess fallnar að skapa neikvæðar tilfinningar í garð fjölbreytni í samfélaginu.

Slíka orðræðu er jafnframt að finna innan stjórnmálanna, en stjórnmálaflokkarnir Íslenska þjóðfylkingin og Frelsisflokkurinn eru meðal annars stofnaðir sérstaklega gegn innflytjendum, múslímum og fólki sem leitar alþjóðlegrar verndar. Jafnvel þótt fylgi þessara flokka hafi ekki náð miklu flugi hingað til hafa þeir góðan aðgang að fjölmiðlinum Útvarpi Sögu til að dreifa hatursáróðri. Þótt aðrir stjórnmálaflokkar hafi þessi stefnumál ekki á sinni dagskrá hefur stjórnmálafólk úr ýmsum öðrum flokkum talað á neikvæðum nótum um þessa hópa með margvíslegum hætti og sérstaklega má skoða tengingar einstaklinga sem hafa verið kosnir sem fulltrúar Flokks fólksins og Miðflokksins við aðila sem miðla haturstjáningu.

Uppgangur skipulagðra haturshópa eins og Norðurvígis og Vakurs hefur sýnt fram á það að grundvöllur er fyrir slíkri starfsemi hérlendis. Hér verður sérstaklega að gæta þess að vanmeta ekki slík samtök vegna fámennis heldur hafa í huga að í flestum hryðjuverkum sem hafa verið framin í nafni öfgahægrihyggju hafa verið á ferð svokallaðir „lone wolves“ eða aðilar sem tilheyra ekki skipulögðum hópum öfgamanna heldur eru „ósýnilegir“ fylgjendur slíkra samtaka á netinu.

Margir þeirra sem halda úti því sem er hatursorðræða eða á mörkum þess tala um að tjáningarfrelsið eigi í vök að verjast og réttlæta fordóma og haturstjáningu með vísan til 73. greinar stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 en taka þó ekki tillit til þess að lagagreinin tilgreinir klárlega að tjáningu megi skerða. Samtímis er ósýnilegt hver fjármagnar útgáfu og þýðingu á bókum sem eru þekktar alþjóðlega fyrir fordóma, sem og innflutning á fyrirlesurum sem telja fólki trú um að Evrópa sé í stríði við múslíma, og rekstur fjölmiðla sem dreifa þessum fordómum. Þessi upptalning á öfgahópum hér er ekki tæmandi og fleiri hópa er að finna.

Haturstjáning tengist uppgangi populískra stjórnmála, öfgafla, vaxandi íslamsfælni og pólu (e. polarization) á Íslandi og í hinum vestræna heimi. Hatursfull tjáning sem sett er fram í samfélaginu sprettur því ekki upp úr tómarúmi og er oft réttlætt eða látin óátalin í nafni tjáningarfrelsis. Einstök ummæli einstaklinga verða hluti af af skipulagðri

haturstjáningu sem beint er gegn ákveðnum minnihlutahópum og er ætlað að meiða, jaðarsetja og ógna en umfram allt sýna fram á ímyndaða yfirburði eins hóps gagnvart öðrum.

## Aftanmálgrein

1 Bent hefur verið á að hugtökin hryðjuverk og hryðjuverkamenn eru félagslega sköpuð og fremur notuð þegar gerendur aðhyllast öfgaíslam (Malkki, Leena & Sallamaa, Daniel 2018).

## Heimildaskrá

- Aljazeera (2019). „New Zealand mosque attack suspect praised Trump in manifesto“, *Aljazeera*, 15. mars. Sótt af <https://www.aljazeera.com/news/2019/03/zealand-mosques-attack-suspect-praised-trump-manifesto-190315100143150.html>
- Alma Mjöll Ólafsdóttir (2019a). „Bylgja hatursorðræðu gegn hælisleitendum: „Grýta þetta pakk““, *Stundin*, 19. mars. Sótt af <https://stundin.is/grein/8662/>
- Alma Dögg Ólafsdóttir (2019b). „Sækja kennslu í vopnaburði vegna innflytjenda „Fólk vill vera tilbúið““, *Stundin*, 5. apríl. Sótt af <https://stundin.is/grein/8752/>
- Almenn hegningarlög nr. 19/1944.
- Anna Wojtyńska og Malgorzata Zielińska (2010). „Polish migrants in Iceland facing the financial crisis“, í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.), *Þjóðarspeggillinn: Rannsóknir í félagsvísindum XI* (bls. 1–11). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Arnþrúður Karlsdóttir (2019). „Efní: Umsögn Útvarps Sögu um frumvarp til laga um breytingu á lammnum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (þrenging ákvæðis um hatursorðræðu“ þingskjal, 896, 543. mál. Sótt af <https://www.althingi.is/altext/erindi/149/149-4766.pdf>
- Atli Ísleifsson (2015). „Samtökin ’78: Kæra tíu einstaklinga fyrir hatursorðræðu í garð hinsegin fólks“, *Vísir*, 26. apríl. Sótt af <http://www.visir.is/g/2015150429285>
- Bachmann, C. og Gooch, B. (2017). *LGBT in Britain. Hate crime and discrimination*. Stonewall. Sótt af [https://www.stonewall.org.uk/system/files/lgbt\\_in\\_britain\\_hate\\_crime.pdf](https://www.stonewall.org.uk/system/files/lgbt_in_britain_hate_crime.pdf)
- Bangstad, S. (2014a). „Fighting Words: What’s Wrong with Freedom of Expression?“, *Journal of Ethnic and Migration Studies* 40(2), 266–28.
- Bangstad, S. (2014b). *Anders Breivik and the rise of Islamophobia*. Zed books: London.
- Bangstad, S. (2015). „Islamofobi og rasisme“, *Agora: Journal for Metafysisk Spekulasjon* 32(3–4), 5–29.
- Bangstad, S. og Helland, F. (2019). „The rhetoric of Islamophobia: an analysis of the means of persuasion in Hege Storhaug’s writings on Islam and Muslims“, *Ethnic and Racial Studies* 42(13), 2229–2247. doi: 0.1080/01419870.2019.1615630
- Birgir Örn Steinarrson (2016). „Höfundur sakaður um hatursáróður heimsækir Ísland“, *Vísir*, 23. maí. Sótt af: <http://www.visir.is/g/2016160529632>
- Bjarni Randver Sigurvinsson (2017). „Múslimahatur á Íslandi. Áhrif og afdrif samtakanna Mótmaelum mosku á Íslandi“, í Brynjólfur Ólason, Haraldur Hreinsson og Stefán Einar Stefánsson (ritstj.), *Sigurjónsbóke. Afmalisrit til heiðurs Sigurjóni Arna Eyyólfssyni sextugum* (bls. 55–85). Hið íslenska bókmenntafélag: Reykjavík.
- Bjarney Friðriksdóttir (2014). *Greining: Hatursorðræða í ummalakerfum íslenskra fréttamiðla*. Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar: Reykjavík.
- Björg Thorarensen (2003). „Áhrif Mannréttindasáttmála Evrópu um vernd tjáningarfrelsis að íslenskum rétti“, *Timarit löfgræðinga* 53(4), 373–420.
- Bleich, E. (2011). „The Rise of Hate Speech and Hate Crime Laws in Liberal Democracies“, *Journal of Ethnic and Migration Studies* 37(6), 917–934.
- Bonilla-Silva, E. (2015). „The structure of racism in color-blind, “post-racial” America“, *American Behavioral Scientist* 59(11), 1358–1376.

- Brå (2017). *Hatbrott 2016. Statistik över polisänmälningar med identifierade hatbrottsmotiv och självrapporterad ut-sattbet för hatbrott*. Stockholm: Brottsförebyggande rådet.
- Bryndís Silja Pálmadóttir (2019). „Tveir hópar mótmæltu á Austurvelli“, *Fréttablaðið*, 16. mars. Sótt af <https://www.frettabladid.is/frettir/tveir-hopar-motmaeltu-a-austurvelli/>
- Castle, T. og Parson, T. (2017). „Vigilante or Viking? Contesting the mediated constructions of Soldiers of Odin Norge“, *Crime, Media, Culture: An International Journal* 15(1), 47-66.
- Chakraborti, N. og Garland, J. (2015). *Hate Crime. Impact, causes & responses* (2. útg.). Sage Publication: London.
- Coe.int (e.d.). „Council of Europe“. Sótt af: <https://www.coe.int/en/web/portal/home>
- Dönsk hegningarlög nr. 909 frá 2005. Sótt af <https://www.legislationline.org/documents/section/criminal-codes>
- ECRI (2007). *ECRI report on Iceland*. Strassborg: Evrópuráðið.
- ECRI (2012). *ECRI report on Iceland*. Strassborg: Evrópuráðið.
- ECRI (2017). *ECRI report on Iceland*. Strassborg: Evrópuráðið.
- Eiríkur Bergmann (2015). „Populism in Iceland: Has the Progressive Party turned populist?“, *Stjórnsmál og stjórnsýsla* 11(1), 33-45.
- Eiríkur Bergmann (2017). „Við og hinir: Þjóðernispopúlismi á Norðurlöndum“, *Skírnir* 191(vor), 138-165.
- Esposito, J. og Kalin, I. (2011). *Islamophobia. The challenge of pluralism in the 21st century*. Oxford: Oxford University Press.
- European Union Agency of Fundamental Rights (2017). *Racism, xenophobia and related intolerance*. Brussel: European Union Agency of Fundamental Rights.
- FBI (2017). „Hate crime statistics 2017“. U.S. Department of Justice. Sótt af <https://ucr.fbi.gov/hate-crime/2017>
- Fekete, L. (2018). *Europe's Fault Lines: Racism and the Rise of the Right*. London & New York: Verso Books.
- Finnsk hegningarlög nr. 39 frá 1889, með breytingum. Sótt af <https://www.legislationline.org/documents/section/criminal-codes>
- Frelsisflokkurinn (e.d.). „Borgarmalastefnan“. *Frelsisflokkurinn*, Sótt af <http://frelsisflokkurinn.is/borgarmalastefnan/>
- Gauti Skúlason, Hallur Guðmundsson, Sigurður Kaiser og Tjörvi Schiöth (2015). „Menningarlegur rasismi á Íslandi“ (óbirt misserisverkefni). Háskólinn á Bifröst, Bifröst.
- Gestenfeld, P. (2003). *Hate crimes: Causes, controls and controversies* (1. útg.). Thousand Oaks: Sage.
- Gestenfeld, P. (2018). *Hate crimes: Causes, controls and controversies* (4. útg.). Thousand Oaks: Sage.
- Godzisz, P. (2019). „The Europeanization of anti-LGBT hate crime laws in the Western Balkans“, *Crime, Law and Social Change* 71(3), 291-306.
- Hagstofa Íslands (2007). „Mannfjöldi 31. desember 2006 eftir ríkisfangi og fæðingarlandi“. Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldi-31-desember-2006-ef-tir-rikisfangi-og-faedingarlandi/>
- Hagstofa Íslands (2018). „Innflytjendum heldur áfram að fjölga“. Sótt af <https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldi-ef-tir-bakgrunni-2018/>
- Helga Ólafs og Malgorzata Zielinska (2010). „„I started to feel worse when I understood more“ Polish immigrants and the Icelandic media“, í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.), *Þjóðarspejillinn: Rannsóknir í félagsvísindum XI*. (bls. 76–85). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Ignaski, P. (2001). „Hate crime hurts more“, *American Behaviour Scientist* 45(4), 627-683.
- Íslenska þjóðfylkingin (e.d.). „Íslenska þjóðfylkingin vill herta innflytjendastefnu“, *Íslenska þjóðfylkingin*. Sótt af <http://x-e.is/>
- Jakob Bjarnar (2016). „Pétur á Útvarpi Sögu kærður fyrir hatusorðræðu“, *Vísir*, 23. nóvember. Sótt af <https://www.visir.is/g/2016161129468>

- Jóhann Kr. (2017a). „Segir góða mætingu á fyrirlestur Robert Spencer sýna fram á að fólk láti ekki kúga sig“, *Útvarp Saga*, 13. maí. Sótt af <http://utvarpsaga.is/segir-goda-maetingu-a-fyrirlestur-robert-spencer-syna-fram-a-ad-folk-lati-ekki-kuga-sig/>
- Jóhann Kr. (2017b). „Segir íslendinga þurfa að stíga varlega til jarðar og vera á varðbergi gagnvart öfga-múslimum“, *Útvarp Saga*, 17. maí. Sótt af <http://utvarpsaga.is/segir-islendinga-thurfa-ad-stiga-varlega-til-jardar-og-vera-a-vardbergi-gagnvart-ofgamuslimum/>
- Jóhann Kr. (2018). „Innflytjendur í Danmörku líklegri til þess að fremja afbrot en heimamenn“, *Útvarp Saga*, 10. apríl. Sótt af <http://utvarpsaga.is/innflytjendur-i-danmorku-liklegri-til-thess-ad-fremja-af-brot-en-heimamenn/>
- Jóna Aðalheiður Pálmadóttir og Luliana Kalenikova (2013). *Hatursorðræða. Yfirlit yfir gildandi lög og reglur – ábendingar til framtíðar*. Reykjavík: Mannréttindaskrifstofa Íslands.
- Kjarninn (2015). „Samtökin 78 kæra tíu manns fyrir háværa og hatursfulla orðræðu í garð hinsegin fólks“, *Kjarninn*, 27. apríl. Sótt af <https://kjarninn.is/frettir/samtokin-78-kaera-tiu-manns-fyrir-havaera-og-hatursfulla-ordraedu-i-gard-hinsegin-folks/>
- Kolbeinn Tumi Daðason (2016). „Samtölin úr „Línan er laus“ sem Pétur er ákærður fyrir“, *Vísir*, 30. nóvember. Sótt af slóðinni: <https://www.visir.is/g/2016161139925>
- Kristján Þór Sigurðsson (2014). „Moskumálið 2013. Ótti og andúð gegn byggingu mosku“, í Helga Ólafs og Thamar Heijstra (ritstj.), *Þjóðarspejillinn: Ráðstefna í félagsvísindum XV* (bls. 1–10). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Kristín Loftsdóttir (2011). „Hlutgerving íslenskrar menningar: Samfélagsleg umræða um grunnskóla-lögin, trúarbrögð og fjölmenningslegt samfélag“, *Skírni* 185(haust), 343-360.
- Kristín Loftsdóttir (2013). „Republishing ‘the ten Little negros’: exploring nationalism and ‘Whiteness’ in Iceland“, *Ethnicities* 13(3), 295-315.
- Kristín Loftsdóttir (2015). „Útlendingar, negrastrákar og hryjuverkamenn: Kynáttafordómar í íslenskum samtíma“, *Ritid* 15(1), 157-178.
- Kristín Loftsdóttir (2017). „Being “the damned foreigner”: Affective National Sentiments and Racialization of Lithuanians in Iceland“, *Nordic Journal of International Migration* 7(2), 70-78. doi:or/10.1515/njmr-2017-0012
- Kristín Loftsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir (2019). „Íslenskur vinnumarkaður – Erlent starfsfólk“, *Íslenska þjóðfélagið* 10(2), 3-13.
- Lentin, A. og Titley, G. (2011). *The crisis of multiculturalism. Racism in a neoliberal age*. London: Zed books.
- Malkki, L. og Sallamaa, D. (2018). „To Call or Not to Call Terrorism: Public Debate on Ideologically-motivated Acts of Violence in Finland, 1991-2015“, *Terrorism and Political Violence* 30(5), 862-881. doi: 10.1080/09546553.2018.1447191
- María Lilja Þrastardóttir (2014). „Mér bregður þegar bjallan á þinginu hringir“, *DV*, 17.-20. október. Sótt af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=387228](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=387228)
- María Smáradóttir Jóhannudóttir (2015). „Mér er ekkert illa við útlendinga, en ...“ Greining á orðræðu Frjálslynda flokksins og framboðs Framsóknarflokksins og flugvallavina um múslima frá árinu 2000 til 2015 (óbirt MA ritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Maussen, M. og Grillo, R. (2014). „Regulation of Speech in Multicultural Societies: Introduction“, *Journal of Ethnic and Migration Studies* 40(2), 174-1930. doi: 10.1080/1369183X.2013.851470
- Mbl.is (2006). „Lýsa yfir vonbrigðum með trúarbragarðfordóma meðal Frjálslyndra“, *Mbl.is*, 7. nóvember. Sótt af [https://www.mbl.is/frettir/innlent/2006/11/07/lysa\\_yfir\\_vonbrigdum\\_med\\_truarbragdafordoma\\_medal\\_f/](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2006/11/07/lysa_yfir_vonbrigdum_med_truarbragdafordoma_medal_f/)
- Mbl.is (2017). „Íslenska þjóðfylkingin býður ekki fram“, *Mbl.is*, 14. október. Sótt af [https://www.mbl.is/frettir/kosning/2017/10/14/islenska\\_thjodfylkingin\\_bydur\\_ekki\\_fram/](https://www.mbl.is/frettir/kosning/2017/10/14/islenska_thjodfylkingin_bydur_ekki_fram/)
- Mbl.is (2018). „Samstöðufundur með Tommy Robinson“, *Mbl.is*, 9. júní. Sótt af [https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/06/09/samstodufundur\\_med\\_tommy\\_robinson/](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/06/09/samstodufundur_med_tommy_robinson/)
- McDevitt, J. o.fl. (2001). „Consequences for victims. A comparison of Bias- and Non-Bias-Motivated Assaults“, *American Behavioural Scientist* 45(4), 697–713.



- Nordfront (2016). „RN#52. Rapport från Island, Ludviga och om AIPAC-talet“, *Nordfront.se*, 25. mars. Sótt af <https://www.nordfront.se/rn52-rapport-fran-island-ludviga-och-om-aipac-talet.smr>
- Nordfront (2019). „Intervju med Nordiska motståndsrörelsen chef på Island“, *Nordfront.se*, 1. febrúar. Sótt af <https://www.nordfront.se/intervju-med-nordiska-motstandsrorelsens-chef-pa-island.smr>
- Norðurvígi (e.d.). „Vor Vegur. Ný stjórnmal fyrir nýja tíma“, *Norðurvigi.is*. Sótt af [https://www.nordurvigi.is/sites/default/files/2019-03/VV\\_WEB.pdf](https://www.nordurvigi.is/sites/default/files/2019-03/VV_WEB.pdf)
- Norsk hegningarlög nr. 10 frá 1902 með breytingum. Sótt af <https://www.legislationline.org/documents/section/criminal-codes>
- ODIRH (2009). *Preventing and responding to hate crimes. A resource guide for NGOs in the OSCE region*. Warsaw: OSCE/ODIRH.
- Ólafur Ísleifsson (2017a). „Blasir við að tjáningarfrelsið á í vök að verjast“, *Útvarp Saga*, 25. mars. Sótt af <http://utvarpsaga.is/blasir-vid-ad-tjaningarfrelsid-a-i-vok-ad-verjast/>
- Ólafur Ísleifsson (2017b). „Segir gáleysislega farid með ákeruvaldið“, *Útvarp Saga*, 29. apríl. Sótt af <http://utvarpsaga.is/segir-galeysislega-farid-med-akeruvaldid/>
- Pejchal, V. og Brayson, K. (2016). „How should we legislate against hate speech? Finding an international model in a globalized world“, í J. Schweppe og M.A. Walters (ritstj.), *The globalization of hate: Internationalizing hate crime?* (bls. 247-262). Oxford: Oxford University Press.
- Perry, B. (2001). *In the name of hate: Understanding hate crime*. New York: Routledge.
- Perry, B. (2015). „Exploring the community impacts of hate crime“, í N. Hall ofl. (ritstj.), *The Routledge International Handbook on Hate Crime* (bls. 47-58). Abingdon: Routledge.
- Perry, B. (2003). *Hate and bias crime: A reader*. New York: Routledge.
- Petrosino, C. (2003). „Connecting the past to the future. Hate crime in America“, í B. Perry (ritstj.), *Hate and Bias Crime. A Reader* (bls. 9-26). London: Routledge.
- Pohjonen, M. og Sahana, U. (2017). „Extreme Speech Online: An Anthropological Critique of Hate Speech Debates“, *International Journal of Communication* 11(2017), 1173–1191.
- Politiet (2016). *Hatkriminalitet. Anmeldt hatkriminalitet 2015*. Politiet: Oslo politidistrikt.
- Politiet (2017). *Hatkriminalitet. Anmeldt hatkriminalitet 2016*. Politiet: Oslo politidistrikt.
- Politiet (2018). *Hatkriminalitet. Anmeldt hatkriminalitet 2017*. Politiet: Oslo politidistrikt.
- Politiet (2019). *Hatkriminalitet. Anmeldt hatkriminalitet 2018*. Politiet: Oslo politidistrikt.
- Rauta, J. (2018). *Políisin tietoon tullut viharikollisuus Suomessa 2017*. Tampere: Poliisiammattikorkeakoulu.
- Rauta, J. (2017). *Políisin tietoon tullut viharikollisuus Suomessa 2016*. Tampere: Poliisiammattikorkeakoulu.
- Reitman, J. (2018). „U.S. Law Enforcement Failed to See the Threat of White Nationalism. Now They Don't Know How to Stop It“, *New York Times*, 20. nóvember. Sótt af <https://www.nytimes.com/2018/11/03/magazine/FBI-charlottesville-white-nationalism-far-right.html>
- Ritstjórn DV (2016). „Soldiers of Odin á Íslandi búnir að funda og komnir í einkennisbúning“, *DV*, 3. október. Sótt af <https://www.dv.is/frettir/2016/03/10/soldiers-of-odin-a-islandi-bunir-ad-funda-og-komnir-i-einkennisbuning/>
- Ríkislögreglustjóri (2018). *Afbrotatölfræði 2017*. Sótt af <https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2018/09/Afbrotat%C3%B6lfr%C3%A6%C3%B0i-2017-sept-2018.pdf>
- Robinson, E. (2011). „Anders Behring Breivik and the influence of industry of rage“, *The Washington Post*, 25. júlí. Sótt af [https://www.washingtonpost.com/gdpr-consent/?destination=%2fopinions%2fanders-behring-breivik-and-the-influence-industry-of-rage%2f2011%2f07%2f25%2fgIQASd2WZL\\_story.html%3f](https://www.washingtonpost.com/gdpr-consent/?destination=%2fopinions%2fanders-behring-breivik-and-the-influence-industry-of-rage%2f2011%2f07%2f25%2fgIQASd2WZL_story.html%3f)
- Sallamaa, D. (2019). „The Extraparliamentary Far-right and Opponents of Immigration in Present-day Finland“, *Right Now! C-Rex – Center for Research on Extremism*, 8. febrúar. Sótt af <https://www.sv.uio.no/c-rex/english/news-and-events/right-now/present-day-finland.html>
- Schweppe, J. og Walters, M.A. (2016). „Introduction: Globalization of hate: Internationalising Hate crime“, í J. Schweppe og M.A. Walters (ritstj.), *The globalization of hate: Internationalizing hate crime?* (bls. 1-14). Oxford: Oxford University Press.



- Seierstad, Å. (2016). *Einn af okkur. Saga af Samfélagi. Anders Behring Breivik og vöðaverkin í Noregi*. Reykjavík: Mál og menning.
- SOS Homophobia (2014). *Rapport annuel 2014*. Paris: SOS homophobia.
- Stjórnarskrá Íslands nr. 33/1944.
- Stundin (2019). „Fögnuðu fjöldamorðum á múslimum í athugasemdakerfi Vísis“, *Stundin*, 15. mars. Sótt af <https://stundin.is/grein/8641/fognudu-hrydjuverkaarasinni-i-ummaelakerfi-visis/>
- Sænsk hegningarlög frá 1962 með breytingum. Sótt af <https://www.legislationline.org/documents/section/criminal-codes>
- Tryggvi Páll Tryggvason (2016). „Íslenska þjóðfylkingin býður ekki fram í Reykjavík“, *Vísir*, 14. október. Sótt af <https://www.visir.is/g/2016161019241/islenska-thjodfylkingin-bydur-ekki-fram-i-reykjavik>
- Turpin-Petrosino, C. (2015). *Understanding Hate crimes: Acts, motives, offenders, victim and justice*. Routledge: New York.
- Útvarp Saga (2017). „Frelsisflokkurinn ætlar að leggja áherslu á húsnæðismálin“, *Útvarp Saga*, 6. september. Sótt af <http://utvarsaga.is/frelsisflokkurinn-aetlar-ad-leggja-aherslu-a-husnaedismalin/>
- Vakur (e.d.). „Þingmenn og fjölmiðlar sitja skjálfandi heima“, *Vakur*. Sótt af <http://vakur.is/thingmenn-og-fjolmidlar-sitja-skjalfandi-heima/>
- Vísir.is (2006). „Ungliðahreyfingar gagnrýna orð Frjálslyndra um innflytjendamál“, *Vísir.is*, 7. nóvember. Sótt af <https://www.visir.is/g/200661107004>
- Wigefelt, B., Wigefelt, A.S. og Küskinen, J. (2014). „When Colour matters: Policing and Hate crime“, *Social Inclusion* 2(1), 1-11.
- Yle (2018a). „Ban on neo-Nazi group upheld by Turku appeal court“, *YLE*, 28. september. Sótt af [https://yle.fi/uutiset/osasto/news/ban\\_on\\_neo-nazi\\_group\\_upheld\\_by\\_turku\\_appeal\\_court/10429858](https://yle.fi/uutiset/osasto/news/ban_on_neo-nazi_group_upheld_by_turku_appeal_court/10429858)
- Yle (2018b). „Finnish neo-Nazi group diversifies, seeks alliances as ban closes in“, *YLE*, 2. desember. Sótt af [https://yle.fi/uutiset/osasto/news/finnish\\_neo-nazi\\_group\\_diversifies\\_seeks\\_alliances\\_as\\_ban\\_closes\\_in/10535875](https://yle.fi/uutiset/osasto/news/finnish_neo-nazi_group_diversifies_seeks_alliances_as_ban_closes_in/10535875)
- Þórður Snær Júlíusson (2017a). „Ég er sennilega svona Marine Le Pen Týpa“, *Kjarninn*, 2. ágúst. Sótt af <https://kjarninn.is/frettir/2017-08-02-inga-saeland-eg-er-sennilega-svona-marie-le-pen-typa/>
- Þórður Snær Júlíusson (2017b). „Inga Sæland: Hælisleitendur teknir fram yfir fjölskyldur í borginni“, *Kjarninn*, 5. september. Sótt af <https://kjarninn.is/frettir/2017-09-05-inga-saeland-haelisleitendur-teknir-fram-yfir-fjolskyldur-i-borginni/>
- Þóra Christiansen og Erla Kristjánsdóttir. (2016). „Veggurinn er alltaf til staðar“: Upplifun háskólamenntaðra innflytjenda af samskiptum og samningsstöðu gagnvart vinnuveitendum“, *Íslenska þjóðfélagið* 7(1), 5–22.

## Hæstaréttardómar

Hrd. 461/2001.

## Þingskjöl

Alþjóðasamningur um afnám alls kynþáttamisréttis nr. 14/1968.

Stjórnarfrumvarp til laga 73/1973-1974.

Þingskjal nr. 896/2018-2019.

